

L Ö G

9

6. jan.

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir b-lið 10. gr. laganna komi:

Milli ára er þó ekki leyfilegt að færa tap, ef það, eða þær skuldir, sem mynduðust þess vegna, hefir verið eftir gefið fyrir ráðstafanir þess opinbera.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 6. janúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

10

13. jan.

um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa nýja síldarverksmiðju á Raufarhöfn, er geti tekið til starfa á árinu 1938 eða 1939, vinni úr um 2400 málum síldar á sólarhring og verði útbúin tækjum til fljótvirkrar lósunar og vinnslu. Skal byggingu verksmiðjunnar eftir föngum hagað þannig, að síðar verði auðvelt að koma við stækkun.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að kaupa vélar og gera nauðsynlegar breytingar á síldarverksmiðjunum á Siglufirði, þannig að afköst þeirra aukist um 2400 mál síldar á sólarhring.

10

13. jan.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að einni og hálfri milljón króna, eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til greiðslu kostnaðar, sem leiðir af fyrirætlum 1. gr.

3. gr.

Um stofnun og starfrækslu hinnar nýju verksmiðju á Raufarhöfn fer að öðru leyti eftir lögum um síldarverksmiðjur ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 13. janúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

11

13. jan.

L Ö G

um viðauka við lög nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt, þegar skortur er á vélstjórum, að veita æfðum kyndurum leyfi til þess að gegna undirvélstjórastarfi við eimvél í skipum allt að 300 hestafla og aðstoðarmannsstarfi á eimskipum með vél allt að 800 hestafla, meðan skip þau, er slíka vél hafa, stunda veiðar á tímabilinu 1. júní til 31. október ár hvert.

Áður en undanþága er veitt, skal leita umsagnar skipaskoðunarstjórans og Vélstjórafélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 13. janúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.